



fundargerð hreppsráðs 10.janúar 2020

Fundur nr. 11 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps 10.janúar 2020 á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl. 11:00.

Mætt til fundar: Íris Grímsdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Axel Örn Sveinbjörnsson.

Einnig sátu fundinn Þór Steinarsson, sveitarstjóri og Sara Elísabet Svansdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Í byrjun fundar var leitað afbrigða um að taka inn á dagskrá erindi frá Brim varðandi gámaflutninga og var það samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir

a. Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga árið 2019 29.11

Lagt fram.

b. 877.fundur stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 13.12

Lagt fram.

c. Fræðslunefnd 17.12

Lagt fram.

d. Íprótta- og æskulýðsnefnd 7.1

1.mál: Heitir pottar við ípróttahús

Heitir pottar hafa verið í skoðun og verða áfram í skoðun en aðstæður bjóða ekki upp á að ákvörðun verði tekin að svo stöddu. Skoða verði framkvæmdir í og við ípróttahúsið í samhengi við önnur möguleg áform.

2.mál: Ípróttahús

Hreppsráð felur sveitarstjóra að fá frekari upplýsingar frá formanni Einherja.

3.mál: Gjaldtaka á unglunga í líkamsræktina

Ekki hefur verið um slíka gjaldtöku að ræða og hafa viðkomandi aðilar verið upplýstir um það.

4.mál: Afsláttur fyrir unglunga á aldrinum 16-18 ára

Hreppsráð leggur til að árskort í líkamsrækt fyrir ungmenni á aldrinum 16-18 ára verði felld undir frístundastyrk. Vísað til næsta sveitarstjórnarfundar. Samþykkt samhljóða.

2. Almenn mál

a. Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2019/2020

Hreppsráð fagnar aukningu á úthlutuðum byggðakvóta til Vopnafjarðarhrepps og vísar erindinu til atvinnu- og ferðamálanefndar og óskar eftir afstöðu þeirra til sérstakra skilyrða um úthlutun. Óskað er eftir því að fundargerð berist fyrir 20.janúar næstkomandi.

b. Samningur um sjúkraflutninga

Lagt fram til kynningar.

c. Vinnulag vegna fjárhagsáætlunar

Hreppsráð felur sveitarstjóra að uppfæra vinnulag vegna fjárhagsáætlunar samanber umræðu á fundi og vísar tillögunni til allra nefnda sveitarfélagsins til kynningar og umsagnar.

d. Gámaflutningar frá Vopnafirði

Hreppsráð samþykkir að farið verði í framkvæmdir fyrir allt að 1.200.000 kr vegna upsetningar á rafmagnstenginum fyrir frystigáma. Leggur jafnframt til að skoðað verði að leggja rafmagn fyrir smábátaaðstöðu norðan við vigtarhúsið í leiðinni.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 12:51.